

## **Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum**

**Skólanefnd Framhaldsskóla – 129. fundur 30. mars 2011, kl 12:05.**

Mætt: Ólafur Elísson, Hafsteinn Gunnarsson, Sveinn Magnússon, Helga Björk Ólafsdóttir, Magnús Sigurðsson, Gunnar Friðfinnsson og Ólafur H. Sigurjónsson.

**Formaður boðaði forföll og skólameistari setti fund. Síðan var fundargerð síðasta fundar samþykkt.**

**1. Skólameistari fór yfir það helsta frá síðasta fundi sem var í nóvember. Í lok haustannar var lagt fyrir kennslumat í öllum áföngum, og sýna niðurstöður að nemendur eru ánægðir. Nemendur sem gengu til prófs í lok haustannar voru 279, en 301 hófu nám í annarbyrjun. Útskrifað var 18. des. ,14 stúdentar og einn vélstjóri með A-réttindi voru brautskráð. Vorönn hófst 6. janúar, 260 nemendur hófu nám og litlar breytingar urðu á kennaraliði. Íþróttakadema FÍV og ÍBV-íþróttafélags hóf göngu sína með 40 nemendum. Árni Stefánsson var ráðinn hjá ÍBV til að stýra akademíunni og þjálfa ásamt fleirum. Skólinn greiðir ÍBV 560 þúsund fyrir kennsluna á önninni og auk þess innheimtir ÍBV gjald af þátttakendum. Fundarmenn voru ánægðir með góða þátttöku og upplýst var að farið verður yfir starfið með ÍBV og skoðað hvað gekk vel og hvað þarf að gera betur.**

Nemendur tóku þátt í loðnufrystingu í samtals 16 daga, en alls komu að þessu 41 nemandi sem tóku samtals 209 vaktir. Dagana 2. -4. mars voru “opnir dagar” sem enduðu með árhátíð, sem var til fyrirmyndar af hálfu nemenda. Val nemenda fyrir haustönn verður 7. apríl og skólafundur með öllum starfsmönnum, öllum nemendum og gestum er fyrirhugaður fyrir páskaleyfi, sem hefst 16 apríl. Próf hefjast 4. maí og skólaslit verða 21. maí. Hópur kennara og starfsfólks ásamt mökum, ætlar til Finnlands 25. – 29. maí og kynna sér skólakerfið þar.

**2. Fjárhagur og horfur:** Skólasamningsfundur var haldinn í ráðuneytinu 22. febrúar og mættu þar skólameistari og áfangastjóri. Farið var yfir skólastarfið og staðfest var að í lokauppgjöri fjárlaga ársins 2010, fékk skólinn viðbótar rekstrarfé uppá 16,2 milljónir sem dugði til að árið kom út með 2,7 milljónir í rekstrarafgang. Heildarfjöldi ársnema varð 240. Við fjárlagagerð fyrir árið 2011, var en miðað við að ársnemendur yrðu 220 og þrátt fyrir harðorð bréf til ráðuneytis, leit út fyrir að við yrðum í sama basli og síðustu þrjú ár. Það kom okkur því skemmtilega á óvart að ráðuneytið tilkynnti á febrúarfundinum að nemendaviðmið okkar fyrir yfirstandandi ár yrðu hækkuð í 240 ársnema og fjárheimild fjárlaga hækkuð um 13,7 milljónir. Þetta varð til þess að við gátum endurskoðað rekstraráætlun ársins, þannig að hún yrði raunhæf. Húsaleiga skólans hefur lækkað um 12% og það hjálpar einnig til, þannig að framtíðarhorfur eru heldur bjartari en verið hefur. Endurskoðuð fjárhagsáætlun var lögð fram á fundinum

**3. Annað.** A) Úttektir á starfsbrautum og á íslenskukennslu standa nú yfir á vegum ráðuneytisins.

B) Búið er að kaupa nýjan vélhermi (hugbúnaður og tölvur) á rúmlega tvær milljónir, en útgerðarmenn í Eyjum hafa tekið vel í að kosta herminn að mestu.

Fleira var ekki gert. Fundi lauk kl 13:15

Ólafur H. Sigurjónsson